

Svar við fyrirspurn í útboði nr. 14734

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ Hönnunarsamkeppni

Fyrirspurnir og svör birt á vef:

20. janúar 2010 – nýjar fyrirspurnir og svör nr. 1 – Fyrri fyrirspurnartími

Upplýsingar frá 3. desember 2009 eru aftast í skjalinu.

Fyrri fyrirspurnartími (fyrirspurnartími 1) rann út 13. janúar 2010. Alls bárust 12 formleg erindi með fyrirspurnum til dómnefndar. Í nokkrum erindum voru margar spurningar.

Tilkynning dómnefndar

Fram hefur komið misræmi í gögnum. Dómnefnd biðst velvirðingar á þeim mistökum. Nýtt leiðrétt tengslarit er hjálaga (fylgiskjal J) aftast í skjali þessu. Rýmistafla í ífargögnum á geisladiski, fylgiskjal D, er rétt. Sjá einnig spurningar og svör hér á eftir.

Mosfellsbær hefur auglýst tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar sem varðar breytta landnotkun miðsvæðis þar sem lóð framhaldsskólans liggur. Hægt verður að nálgast umrædda auglýsta tillögu (fylgiskjal K) á heimasíðu Ríkiskaupa um leið og svör við fyrirspurnum 1 verða birt.

Framsetning

Fyrirspurnir eru flokkaðar í númeraða kafla samkvæmt eftirfarandi:

1. Fyrirspurnir sem varða bókasafn, starfsemi, notkun rýma og fjölda nemenda.
2. Fyrirspurnir sem varða skýrleika gagna og misræmi.
3. Fyrirspurnir sem varða lóð, umhverfi, stærðir, mat á tillögum, áfanga og vistvænar áherslur.
4. Fyrirspurnir sem varða deiliskipulag, keppnissvæði (lóðarmörk, byggingarreit), hljóðvist og bílastæði.
5. Fyrirspurnir sem varða kostnað, keppnistímabil og stafræn gögn.

Spurningar innan kaflanna fá undirnúmer (1.1, 1.2 o.s.frv.). Í sumum tilvikum vísuðu spurningar þátttakenda í aðrar spurningar sama aðila, í þeim tilvikum er vísað í umræddar spurningar.

Spurningar keppenda eru óbreyttar, innan gæsalappa. Svör við spurningum eru merkt sama númeri og spurning sem um ræðir.

Fyrirspurnir og svör

Dómnefnd hefur farið yfir innkomnar spurningar (fyrirspurnir). Eftirfarandi eru spurningar keppenda og svör dómnefndar.



RÍKISKAUP

Fyrirspurn 1:

Fyrirspurnir sem varða bókasafn, starfsemi, notkun rýma og fjölda nemenda.

Fyrirspurn 1.1:

„Í skema er afgreiðsla og bókasafn sýnt hlutfallslega stórt, en en virðist eiga að vera hluti af móttökurými. Ekki heldur er gefin nein stærð á bókasafni í rýmisáætlun. Móttöku er ætlað alls 60 m² og þar eiga að vera 3 starfsmenn, móttaka gesta og nemenda, ljósritun, geymslurými, bókasafnsfræðingur og bókasafn skólans og allt á þetta að rúmast á aðeins 60 m². Hér hljóta að vera um mistök að ræða. Þess vegna er

nauðsynlegt að fá annað hvort staðfestingu á því að svo er ekki eða að endurskoða þarf rýmisáætlun og koma henni til þátttakenda. Þessu þarf að svara strax til allra þátttakenda og líka að ekki sé um mistök að ræða, ef það er tilfellið og að því verði ekki svarað seinna sem svar við fyrri fyrirspurnum.”

Svar 1.1:

Kennslufyrirkomulag skólans gerir ráð fyrir að kennslan fari fram ýmist í opnum, hálfopnum eða lokuðum rýmum og að vinnuaðstaða og lesaðstaða fyrir nemendur sé í þessum rýmum eða í kringum þau. Gert er ráð fyrir að rýmin séu flokkuð í klasa og að ákveðnar námsgreinar séu kenndar í hverjum klasa.

Hugmyndin um skipulag á bókasafni skólans er tvíþætt; annars vegar er gert ráð fyrir þær bækur sem eru almenns eðlis og þurfa vera aðgengilegar öllum nemendum séu staðsettar í afgreiðslu eða móttökurými og hins vegar að bækur sem tengjast ákveðnum námsgreinum séu geymdar í viðkomandi klasa. Hugmyndin gerir sem sagt ráð fyrir að í stað hefðbundins bókasafns með lesaðstöðu eins og algengast er í framhaldsskólum, verði lesaðstöðunni og bókakostinum dreift um skólann, í samhengi við kennslurými og klasana.

Fyrirspurn 1.2:

„Er æskilegt eða óæskilegt að gengið sé inn í lokuð hópinnurými gegnum opinn hópinnurými?“

Svar 1.2:

Í hverjum klasa er gert ráð fyrir bæði lokuðum og opnum rýmum, misjafnlega stórum. Ekki skal vera gegnumstreymi um lokuðu rýmin. Opnu rýmin myndi gott aðgengi að lokuðu rýmumum jafnframt því að gefa möguleika á stærri eða minni vinnusvæðum.



RÍKISKAUP

Fyrirspurn 1.3:

„Er óæskilegt að aðkoma að a) lokuðu hópinnurými sé um opið hópinnurými eingöngu, b) um lokað kennslurými eingöngu, c) um lokað kennslurými og opið hópinnurými eingöngu. Hvað er æskilegast af þessu þrennu a,b,c“

Svar 1.3:

Sjá svar við spurningu 1.2.

Fyrirspurn 1.4:

„Er æskilegt a) að aðkoma að lokuðu hópinnurými sé frá gangi, en ekki um opin hópinnurými, b) er æskilegt að aðkoma að lokuðu hópinnurými sé um bæði opin hópinnurými og lokuðu kennslurými og gangi. Hvað er æskilegast af þessu tvennu a eða b.“

Svar 1.4:

Sjá svar við spurningu 1.2.

Fyrirspurn 1.5:

„Sorpgeymsla. Er nægjanlegt að aðgangur að sorpgeymslu verði að utanverðu eða verður sorpgeymsla að vera aðskilin bygging frá aðalbyggingu?“

Svar 1.5:

Nægjanlegt er að aðgangur að sorpgeymslu verði að utanverðu. Að öðru leyti er vísað í samkeppnislýsingu, grein um sorpgeymslu í kafla 2.7.2 Rýmislýsing.

Fyrirspurn 1.6:

„Bókasafn. Er hægt að lýsa betur starfsemi bókasafnsins? T.d. bókakosti, áætluðum fermetrafjöldi eða æskilega samnýtingu og nálægð við önnur rými? Er hugsuð samnýting að einhverju leiti með Bókasafni Mosfellsbæjar?“

Svar 1.6:

Samnýting við Bókasafn Mosfellsbæjar er ekki forsenda í samkeppninni. Að öðru leyti er vísað í svar við spurningu 1.1.



Fyrirspurn 1.7:

„Hvað er gert ráð fyrir mörgum nemendum í fullbyggðum skóla?“

Svar 1.7:

Ekki hafa verið gerðar áætlanir um fjölda nemenda í fullbyggðum skóla þar sem endanleg stærð hans liggur ekki fyrir. Miðað við þá stærð skóla sem lýst er í þessum gögnum má gera ráð fyrir að fjöldi nemenda gæti orðið á bilinu 600 til 800.

Fyrirspurn 1.8:

„Gert er ráð fyrir skrifstofu og geymsluaðstöðu fyrir nemendafélag. Er ekki gert ráð fyrir neinni almennri félagsaðstöðu nemenda?“

Svar 1.8:

Ekki hefur verið gert ráð fyrir annarri félagsaðstöðu nemenda en þeirri sem getur farið fram í fjölnotasal eða nemendaaðstöðu.



Fyrirspurn 2:**Fyrirspurnir sem varða skýrleika gagna og misræmi****Fyrirspurn 2.1:**

„Ósamræmi er á milli rýmistöflu og tengslarits hvað varðar stærð og fjölda rýma í „Bóknámsklasa“. Samkvæmt lið 2.9.2 í rýmistöflu samstanda bóknámsklasar af $2 \times 60 \text{m}^2$ lokuðum kennslurýmum en á tengslariti eru sýnd $3 \times 60 \text{m}^2$ lokuð kennslurými í hverjum bóknámsklasa og innbyrðis tenging sýnd, engar vísbendingar eru gefnar í lið 2.7.2 húsrýmisáætlunar varðandi hvort geti verið rétt. Vinsamlegast staðfestið hver eiginlegur fjöldi lokaðra kennslurýma skuli vera í hverjum bóknámsklasa og hver tenging á milli þeirra skuli vera skv. tengslariti. Þess er óskað að viðeigandi gögn verði leiðrétt og endurútgefin til samræmis.“

Svar 2.1:

Rýmisáætlun í ítargögnum, fylgiskjal D, er rétt. Farið hefur rangt tengslarit í samkeppnis-lýsingu. Meðfylgjandi er rétt tengslarit, fylgiskjal J, aftast í skjali þessu. Í hverjum bóknámsklasa skal aðeins gera ráð fyrir tveimur lokuðum kennslurýmum.

Fyrirspurn 2.2:

„Ósamræmi er á milli húsrýmisáætlunar og tengslarits hvað varðar stærð mótuneytiseldhúss. Í húsrýmisáætlun er gefið upp að stærð skuli vera 100m^2 en í rýmistöflu er samtala rýma 90m^2 þ.e. $40 + 4 \times 10 + 6 + 4 = 90$. Skýringa er óskað hver hin eiginlega stærð skuli vera og gögn leiðrétt til samræmis.“

Svar 2.2:

Rétt tala fyrir eldhús skólans er 90m^2 en ekki 100m^2 eins og stendur í samkeppnislýsingu á bls. 12. Rýmistafli, í ítargögnum, fylgiskjali D er rétt.

Fyrirspurn 2.3:

„Í lið 3.2.9 í rýmistöflu (liður 3.2.9 er ekki til í húsrýmisáætlun!) kemur fram að móttaka og ljósritunarrými sé 60m^2 . Í kafla 2.7.2 (bls 13) í húsrýmisáætlun kemur fram að bókasafn skuli vera „hluti af móttökurýminu“. Hlutur bókasafnsins er að öðru leyti óskilgreindur í húsrýmisáætlun sem og í rýmistöflu og tengslariti. Nánari skilgreining óskast um bókasafnið og þá helst hversu stór hluti af 60m^2 móttökurýminu er áætlað að bókasafnið sé og einnig hvort að um opið eða lokað rými sé að ræða.“

Svar 2.3:

Númer í rýmistöflu í fylgiskjali D, í ítargögnum vísa ekki í neinn kafla í samkeppnislýsingu. Sjá einnig svar við spurningu 1.1.



RÍKISKAUP

Fyrirspurn 2.4:

„Ósamræmi er á milli númeringu liða í rýmistöflu og liða í samkeppnislýsingu. Númering liða í rýmistöflu / húsrýmisáætlun óskast leiðrétt og samræmd svo leggja megi góðan trúnað á gæði gagnana.“

Svar 2.4:

Númer í rýmistöflu í fylgiskjali D, í ítagögnum, vísa ekki á kafla í samkeppnislýsingu.

Fyrirspurn 2.5:

„1. Skv. rýmistöflu eru lokuð kennslurými í hverjum klasa 2 en samkvæmt skipuriti 3. Hvað er rétt?“

Svar 2.5:

Rétt tala er 2. Leiðrétt tengslarit er meðfylgjandi, fylgiskjal J, aftast í skjali þessu. Sjá einnig svar við spurningu 2.2.

Fyrirspurn 2.6:

„Samkvæmt tengslariti á síðu 14 í samkeppnislýsingu eru sýnd 3 lokuð kennslurými í hverjum bóknámsklasa sem gerir heildarfermetrafjöldi hvers bóknámsklasa 360m². Í rýmisáætlun fylgiskjals og í teksta samkeppnislýsingar eru einungis nefnd 2 lokuð kennslurými í hverjum bóknámsklasa og þar af leiðandi er hver bóknámsklasi 300m², hvort er rétt?“

Svar 2.6:

Sjá svar við spurningu 2.5.

Fyrirspurn 2.7:

„Ósamræmi er á milli húsrýmisáætlunar og rýmistöflu hvað varðar stærð á geymslum. Í húsrýmisáætlun er gefið upp að geymslur skuli vera samtals 170m² en í rýmistöflu kemur fram að geymslur skuli vera 210m². Hvort er rétt?“

Svar 2.7:

Rýmistafla í fylgiskjali D, í ítagögnum, er rétt. Gera skal ráð fyrir 210 m² í geymslurými.



Fyrirspurn 2.8:

„Ósamræmi er á milli uppgefinna stærða á stjórnunarrými, í húsrýmisáætlun kemur fram að stjórnunarrými skuli samtals vera 400m² en í rýmistöflu kemur fram að stjórnunarrými skuli vera 414m². Hvort er rétt?“

Svar 2.8:

Rýmistafla í fylgiskjali D, í ítagögnum, er rétt. Gera skal ráð fyrir 414 m² í stjórnunarrými.

Fyrirspurn 2.9:

„Á tengslariti koma fram misvísandi upplýsingar fyrir Bóknámsklasa. Á skýringarmynd Bóknámsklasa vinstra megin á tengslariti er ekki tenging á milli 20m² lokaðs hópinnurýmis og 40m² opins vinnurýmis en á hinum þremur skýringarmyndunum fyrir Bóknámsklasa er sýnd tenging á milli sömu áðurnefndra rýma. Hvort er rétt?“

Svar 2.9:

Rýmistafla í fylgiskjali D, í ítagögnum, er rétt. Tengingar eiga að vera eins fyrir alla bóknámsklasana. Meðfylgjandi er rétt tengslarit, fylgiskjal J, aftast í skjali þessu.



Fyrirspurn 3:

Fyrirspurnir sem varða lóð, umhverfi, stærðir, mat á tillögum, áfanga og vistvænar áherslur

Fyrirspurn 3.1:

„Verða tillögur sem fara yfir 4000 mm² veitt verðlaun í verðlaunasæti og keyptar inn?“

Svar 3.1:

Eins og kemur fram fremst í kafla 2.7 Húsrýmisáætlun er dómnefnd að leita að hagkvæmum lausnum en dómnefnd útilokar ekki tillögur stærri en 4.000 m² í verðlaunasæti. Það gæti þó haft áhrif á mat dómnefndar fari tillögur fram úr ofangreindum viðmiðum.

Fyrirspurn 3.2:

„Hvernig á skólinn að endurspeglar vistvæn markmið og hvað er átt við með því?“

Svar 3.2:

Fyrirspyrjandi á væntanlega við að í kafla 1.3 Áherslur dómnefndar er einn af liðunum: „Lausnir og efnisval sé ákjósanlegt með tilliti til endingar, rekstrarkostnaðar, umhverfis- og vistfræðipáttá.“ Byggingarefni eru mismunandi „vistvæn“. Hér er verið að lýsa eftir að hönnuðir séu meðvitaðir um vistvæn sjónarmið við val byggingarefna

Fyrirspurn 3.3:

„Hvað er grunnflatarmál íþróttahúss?“

Svar 3.3:

Sjá svar við spurningu 3.4.

Fyrirspurn 3.4:

„Keppendur mega velja um hvort þeir sýni stækkun á skóla upp á 2000 m² eða staðsetningu íþróttahús. Þetta er mjög erfitt að átta sig á. Hvort hefur meira vægi og hvers vegna er verið að setja þetta fram með þessum hætti?“

Svar 3.4:

Í kafla 2.1 segir: „Jafnframt skulu keppendur sýna tillögu að reit fyrir stækkun skólans í framtíðinni upp á allt að 2.000 m² grunnflöt til viðbótar sem sýni mögulega samtengingu við fyrsta áfanga sem þó er gerð krafa um að geti staðið sjálfstæður til



nokkurra ára. Framtíðarhúsnæði er hugsað sem stækkun við bóknámsskólann og/eða ípróttahús fyrir skólann.”

Ekkert hefur verið ákveðið um síðari áfanga skólans, hvort ípróttahús verði byggt og því síður stærðir áfanga. Í skipulagi er reiknað með samtals 8.000 m² á lóðinni. Vegna framtíðar-möguleika og heildarskipulags lóðarinnar, eru keppendur beðnir um að sýna stækkun fyrir þá 4.000 m² sem deiliskipulag gerir ráð fyrir umfram rýmiskröfur samkeppninnar. Reitur fyrir þessa stækkun skal að **grunnfleti** þó ekki fylla meira en 2.000 m² af lóðinni. Umfang og lögun reits eða reita fyrir þessa stækkun skal geta rúmað kennslurými á allt að þremur hæðum og skólaípróttahús.

Fyrirspurn 3.5:

„Í 1.1 stendur að stefnt sé að því, að gera umhverfi skólans að lifandi þætti í skólastarfinu m.a. annars náttúrufræði(!?) umhverfisins, virðingu fyrir umhverfinu og nýta á skynsamlegan hátt? Þetta er gjörsamlega óskiljanlegt. Er verða að tala um matjurrtagarða, skrudgarða, hvað er átt við og hvað má slíkt kosta með tilvísun til kostnaðrgátar og hvernig á þetta að tengjast naumt skömmtuðum fermetrunum lóðar í samkeppnislýsingu? Hér er raunverulega um sérstaka samkeppni að ræða, sem krefst sérsamkeppnislýsingu.“

Svar 3.5:

Ekki er verið að lýsa kröfum til frágangs lóðar skólans með þessum texta heldur aðeins hugmyndafræði skólastarfsins. Þegar rætt er um að stefnt sé að því að gera umhverfi skólans að lifandi þætti í skólastarfinu þar sem hugað verður m.a. að náttúrufræði umhverfisins, virðingu fyrir umhverfinu og hvernig njóta má umhverfisins og nýta á skynsamlegan hátt, þá er átt við umhverfi skólans í víðum skilningi, þ.e. Mosfellsbæ, atvinnustarfsemi í bænum og svæðið í næsta nágrenni bæjarins.

Fyrirspurn 3.6:

„Hvað er átt við að lóðarfrágangur skuli vera í samræmi við umhverfið?“

Svar 3.6:

Lögð er áhersla á að byggingin og lóðarhönnun taki mið af götu, falli vel að landi og styrki ímynd miðbæjar. Einnig skal gera ráð fyrir útiveru nemenda og kennara.

Fyrirspurn 3.7:

„Er 4000 m² hámarksbrúttóhæð, sem keppendur skuli halda sig innan. Ef svo er ekki hvað er þá ásættanleg hámarkshæð? Fari keppendur yfir þá hámarkshæð sem verður svar við spurningunni verður þá þeim tillögum, a) skipað í sæti, b) eða keyptar inn, c) ekki dómteknar?“

Svar 3.7:

Sjá svar við spurningu 3.1.



RÍKISKAUP

Fyrirspurn 3.8:

„Í keppnislýsingu eru misvísandi upplýsingar um stækkunarmögulega skólans í framtíðinni. Væri hægt að skýra betur hvaða byggingarmagni á að gera ráð fyrir sem stækkun síðar meir.“

Svar 3.8:

Sjá svar við spurningu 3.4.

Fyrirspurn 3.9:

„Seinni áfangar.
-Áætluð rýmisþörf er 2000 fermetrar í seinni áföngum, er það brúttó eða nettó?
-„Tvöföldun kennslurýmis“ er áætluð í seinni áföngum skv. keppnislýsingu. Er raunhæft að ganga út frá að stoðrymi og stjórnun stækki ekki?“

Svar 3.9:

Í þessu tilviki er orðið kennslurými notað fyrir rýmin í heild. Sjá einnig svar við spurningu 3.4.

Fyrirspurn 3.10:

„Skil á tillögu. Er farið fram á að skil á grunnmyndum í 1:200 séu af 1. áfanga **ásamt** seinni áföngum í sama skala, eða má sýna seinni áfanga í t.d. 1:500? Sama varðandi þrívíddarmyndir, 1. áfangi í aðalþrívíddarmyndum og endanlegur skóli í minna formati?“

Svar 3.10:

Eingöngu er óskað eftir reit fyrir síðari áfanga í skipulagi lóðarinnar. Sjá kafla 2.1 Markmið í samkeppnislýsingu.

Fyrirspurn 3.11:

„Í kafla 2.8.3 Hönnun lóðar, bls. 17, kemur fram að sýna skuli hugmyndir að lóðarfrágangi og fyrirkomulagi lóðar. Þ.m.t. hugmynd að mögulegri staðsetningu 2. og 3. áfanga skólans.
Hvað er átt við? Er átt við að sýndir verði byggingarreitir eða massar 2. og 3. áfanga á afstöðumynd?“

Svar 3.11:

Sjá svar við spurningu 3.4.



RÍKISKAUP

Fyrirspurn 3.12:

„Hvað er gert ráð fyrir mörgum fermetrum í annan áfanga skólans? Hvað er gert ráð fyrir mörgum fermetrum í þriðja áfanga skólans?“

Svar 3.12:

Sjá svar við spurningum 3.4 og 3.14.

Fyrirspurn 3.13:

„Er gert ráð fyrir einhverskonar kennslu eða athafna utandyra? Sbr. bls. 1 í samkeppnis-lýsingu. Enn fremur er stefnt að því að gera umhverfi skólans að lifandi þætti í skólastarfinu þar sem hugað verður m.a. að náttúrufræði umhverfisins...“

Svar 3.13:

Sjá svar við spurningum 3.5 og 3.6.

Fyrirspurn 3.14:

„Grein 2.1

Í fjórðu málsgrein kemur fram að keppendur skuli sýna reit fyrir stækkun skólans, upp á allt að 2000m² grunnflöt. Í grein 2.8.3 er grunnflöturinn hins vegar 3000m². Skýringa er óskað”

Svar 3.14:

Fermetratala í kafla 2.8.3 Hönnun lóðar í samkeppnislýsingu er röng, á að vera 2.000 m². Sjá einnig svar við spurningu 3.4.

Fyrirspurn 3.15:

„Er það rétt skilið að gert sé ráð fyrir að fullbyggður verði skólinn 8.000m² BRÚTTÓ“

Svar 3.15:

Sjá svar við spurningu 3.4.

Fyrirspurn 3.16:

„Er Íþróttahús inni í þessum tölum?“
(Vísað er til talna í spurningum 3.14 og 3.15)

Svar 3.16:

Já.



Fyrirspurn 3.17:

„Hvað er gert ráð fyrir að íþróttahús verði stórt?“

Svar 3.17:

Sjá svar við spurningu 3.4.

Fyrirspurn 3.18:

„Eru geymslur í raun- og listgreinastofum innifaldar í uppgefinni nettóstærð stofanna?“

Svar 3.18:

Já.



Fyrirspurn 4:

Fyrirspurnir sem varða deiliskipulag, keppnissvæði (lóðarmörk, byggingarreit), hljóðvist og bílastæði

Fyrirspurn 4.1:

„Er heimilt að fara út fyrir uppgefna hámarkslóðarstærð? Ef svarið er já, hvað má þá fara mikið út fyrir þessa 12000 m² og í hvaða átt, áttir?“

Svar: 4.1:

Byggingar og bílastæði skólans skulu vera innan uppgefinnar lóðar.

Fyrirspurn 4.2:

„Er leyfileg hámarkshæð 3. hæðir, ef svarið er nei hvað má þá fara upp margar hæðir og hver er hámarkshæð í báðum tilvikum í metrum ofanjarðar?“

Svar 4.2:

Deiliskipulag heimilar 3. hæðir og hámarkshæð 14 m.

Fyrirspurn 4.3:

„Í 2.3 Er sagt að heimilt sé að fara út fyrir byggingarreit? Þýðir það að a) heimilt sé að fara út fyrir byggingarreit með bygginguna, b) út fyrir uppgefna lóðarstærð?“

Svar 4.3:

Byggingarreitur er leiðbeinandi, lóð er bindandi.

Fyrirspurn 4.4:

„Grein 2.2
Gert er ráð fyrir að bygging verði ‘uppbrotin’ að götu en jafnframt að byggingin liggi að götulínu byggingarreits á a.m.k. 25m kafla. Skal sá kafli vera samfelldur?“

Svar 4.4:

Nei.



Fyrirspurn 4.5:

„Er heimilt að fara nær götu en sem nemur mörkum leiðbeinandi byggingarreits?“

Svar 4.5:

Sjá svar við spurningu 4.3.

Fyrirspurn 4.6:

„Grein 2.5
Skulu keppendur gera ráð fyrir hljóðmanir verði reistar meðfram Vesturlandsvegi? Ef svo er, hve háar verða þær?“

Svar 4.6:

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir allt að 2 m hári mön.

Fyrirspurn 4.7:

„Grein 2.5
Skal fyrsti áfangi skólabyggingarinnar uppfylla kröfur um hljóðstig eða eiga þær kröfur aðeins við um skólann fullbyggðan?“

Svar 4.7:

Á við um alla áfanga skólans.

Fyrirspurn 4.8:

„Grein 2.3.3
Í 5. Málsgrein kemur fram að bílastæðum skuli komið fyrir á snyrtilegan hátt Á LÓÐINNI. Þýðir þetta að ekki sé gert ráð fyrir að helmingur stæða sé undir þaki, hvort sem er í kjallara eða í hálfniðurgröfnum bílskylum, eins og deiliskipulagstillaga fyrir miðbæ Mosfellsbæjar gerir ráð fyrir.“

Svar 4.8:

Öll stæði tilheyrandi framhaldsskólanum skulu vera innan lóðar, helmingur undir þaki.



Fyrirspurn 4.9:

„Í kafla 2.3.3. um Bílastæði, bls. 5, kemur fram að helmingur allra stæða skuli vera undir þaki. Ennfremur að fyrir fullbyggðan skóla skuli alls vera um 230 stæði og fyrir fyrsta áfanga 115 stæði.

Skal sýna helming 115 stæða (58), undir þaki fyrir fyrsta áfanga, eða má túlka þetta sem svo að bílstæði undir þaki megi leysa í síðari áföngum?

Er ætlast til að keppendur sýni endanlegt fyrirkomulag allra bílastæðanna 230, þ.m.t. stæða undir þaki bygginga sem ekki tilheyra 1. áfanga og eru þ.a.l. ekki teiknuð í þessari samkeppni?“

Svar 4.9:

Eingöngu er gerð krafa um að á fullbyggðri lóð verði helmingur stæða undir þaki. Keppendur skulu sýna fyrirkomulag allra stæða. Hvernig því er áfangaskipt er sett í hendur keppenda.

Fyrirspurn 4.10:

„Samkvæmt samkeppnislýsingu er gert ráð fyrir 230 bílastæðum fyrir fullbyggðan skóla og að í fyrsta áfanga eigi að vera 115 stæði að lágmarki, Samkvæmt tillögu að deiluskipulagi á allt að helmingur allra bílastæða að vera undir þaki; sem kjallari eða hálfniðurgrafið bílskýli.

Er krafa um að helmingur þeirra 115 bílastæða sem komið verður fyrir í fyrsta áfanga sé undir þaki? Mega t.d. öll bílastæðin sem komið verður fyrir í fyrsta áfanga vera undir þaki - eða öfugt, undir beru lofti - svo lengi sem endanleg skipting bílastæða í lok 2. áfanga sé eins og gert er ráð fyrir í deiliskipulagi?“

Svar 4.10:

Sjá svar við spurningu 4.9.



Fyrirspurn 5:**Fyrirspurnir sem varða kostnað, skilafrest og stafræn gögn****Fyrirspurn 5.1:**

„Það óskast staðfest að kostnaðarviðmið byggingarinnar skuli vera í samræmi við það sem segir í lið 2.9 í samkeppnislýsingu en þar segir að “framkvæmdakostnaður verði um 280.000kr./m² m.v. verðlag í apríl 2008”. Ef rétt reynist að miða skuli við verðlag í apríl **2008** óskast uppreiknað verð per m² miðað við verðlag t.d. nóv. 2009.“

Svar 5.1:

Uppfært verð miðað við verðlag í desember 2009 er um 340.000 kr.

Fyrirspurn 5.2:

(Hér er vísað til spurninga 2.1, 2.2, 2.3, 2.4 og 2.5)

„Hér að ofan hefur verið bent á að alvarlegs misræmis gætir í útgefnum gögnum samkeppninnar, um er að ræða misræmi sem hefur bein áhrif á fjölda, stærð og tengingar rýma. Misræmi er á milli stærðar og fjölda rýma í bóknámsklasa, misræmi er í gögnum hvað varðar stærð mótuneytiseldhús, stærð og fyrirkomulag bókasafns er ekki skýrt í gögnunum, ekkert samhengi er á milli númeringu rýmistöflu og húsrýmisáætlunar. Samkeppnisgögnin voru útgefin um mánaðarmót nóvember / desember og þar sem svör við ofangreindum spurningum munu að öllum líkindum ekki berast fyrr en eftir miðjan janúar má leiða að því sterkar líkur að allt að 6 vikur af samkeppnistímanum hafi tapast vegna galla á gögnum. Þar af leiðandi er ekki enn hægt af fullri alvöru að hefja vinnu við lausn þessa verkefnis. Er þess því farið á leit að skilum samkeppnistillagna verði seinkað sem nemur a.m.k. 2 -3 vikum.“

Svar 5.2:

Dómnefnd biðst velvirðingar á ósamræmi gagna en telur umfang villu ekki þess eðlis að þörf sé á framlengingu keppninnar.



RÍKISKAUP

Fyrirspurn 5.3:

”Grein 1.4.1

Gert er ráð fyrir að skilafrestur fyrirspurna 2 renni út 24. febrúar og svör berist ekki síðar en 3. mars. Þá eru aðeins sjö dagar í lokaskil, sem augljóslega er mjög tæpt. Óskað er eftir að þessar dagsetningar verði færðar fram, t.a.m. um viku eða 10 daga.”

Svar 5.3:

Dagsetning seinni fyrirspurnatímans (fyrirspurna 2) er ákveðin samanber eftirfarandi og þess vegna er samkeppnislýsingu í kafla 3.7 Fyrirspurnir hvatt til að nota fyrri fyrirspurnatímamann:

„Samkvæmt 40 gr. tilskipunar 2004/18 EB TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga.

Fram kemur í ofangreindri gr: 4. tl.

4. Samningsyfirvöld eða þar til bær stofnun skal senda viðbótarupplýsingar um útboðsskilmála, skýringargögn eða fylgiskjöl eigi síðar en sex dögum fyrir síðasta skiladag tilboða, að því tilskildu að beðið hafi verið um þessar upplýsingar með góðum fyrirvara. Sé um að ræða lokað útboð eða hraðútboð skal þessi frestur vera fjórir dagar.“

„Samkvæmt ofangreindu eru kröfur samkeppnislýsingar þessarar í samræmi við tilskipun 2004/18.“

Verkkaupi telur því ekki fært að verða við óskinni.

Fyrirspurn 5.4:

„Eins og oft áður – ekki reyndar alltaf – þá er aðeins útvegað dwg, dxf og dxn formöttuð skjöl. Það er eins og ekki sé gert ráð fyrir að stofurnar séu að vinna á t.d. Vector Works, sem ég veit að ansi margir eru að vinna í – sumar stórar stofur. Er að lenda illa í að importera dwg og dxf skjölin – þau koma öll í skrátnum skala og mismunandi skala hvort það er grunnskjalið eða hæðarlínuskjalið. Er ekki hægt að redda þessu á réttu Vector Works formatti til þeirra sem vinna með það forrit?“

Svar 5.4:

Kortagögn eru sambærileg og almennt er í hönnunarsamkeppi þ.e. á dxf, dwg og dgn sniði. Dómnefnd telur ekki nauðsyn á að láta varpa gögnum í Works snið.



RÍKISKAUP

Fylgiskjal J:

Leiðrétt tengslarit.

Myndin er fylgiskjal með öðrum gögnum á vef Ríkiskaupa merkt:

Fylgiskjal J Tengslarit leiðrétt – 17. janúar 2010.

Fylgiskjal K:

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu frá júlí 2009 er fylgiskjal með öðrum gögnum á vef Ríkiskaupa merkt:

Fylgiskjal K Tillaga að aðalskipulagsbreytingu frá júlí 2009.



RÍKISKAUP

Fyrirspurnir og svör birt á vef:

3. desember 2009 – nýjar fyrirspurnir og svör

1. Leiðrétting á dagsetningu í samkeppnislýsingu.
2. Árétting frá verkkaupa.

1. Leiðrétting á dagsetningu í samkeppnislýsingu:

Í kafla 3.5 Samkeppnisgögn var í fjórðu upptalningu, málsgrein sem hér segir: „Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni, drög dags. 17.11.2007. (fylgiskjal A)”

Málsgreinin er nú:

„Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni, drög dags. 27.11.2007. (fylgiskjal A)”

Ofangreind breyting tekur gildi strax.

Ástæða er til að taka það fram að leiðbeiningar sem fylgja með ítagögnum eru réttar og hér eingöngu verið að leiðrétta dagsetningu.

2. Árétting frá verkkaupa.

Í ljósi umræðu á milli FSR og trúnaðarmanns varðandi hönnunarsamning að lokinni samkeppni vill verkkaupi árétta eftirfarandi:

Tekið er fram að áður en gengið verður til samninga um hönnun byggingar að lokinni samkeppni er farið fram á að hönnuðir myndi teymi um heildarhönnun byggingarinnar. Sjá jafnframt texta í samkeppnislýsingu, kafla 4.3 Þóknun hönnuða.

„4.3 Þóknun hönnuða

Í Leiðbeiningum fjármálaráðuneytisins um kaup á ráðgjöf (fylgiskjal x) er kveðið á um að í samkeppnum sé þóknun til hönnuða að lokinni samkeppni skilgreind í keppnislýsingu. Samskonar ákvæði er einnig í grein 3.3.5 í Leiðbeiningum um hönnunarsamkeppni (fylgiskjal A). Þrátt fyrir þessi ákvæði hefur verkkaupi, í samráði við AÍ, ákveðið að í þessari samkeppni verði hafður sá háttur á að sest verði að samningaborði með þeim aðila sem hlýtur fyrstu verðlaun í samkeppninni og samið um hönnunarþóknunina. Verkkaupi setur þó þann fyrirvara að ef samningar nást ekki, þá getur hann leitað til þeirra aðila sem fengu önnur verðlaun í samkeppninni og samið við þá um útfærslu á sinni tillögu. Einn samningur verður gerður við allt hönnunarteymið og skal teymið koma sér saman um hönnunarstjóra verksins og mun hann sjá um alla samræmingu á gögnum hönnuða."

Virðingarfyllst
F.h. Ríkiskaupa

Gísli Þór Gíslason
Trúnaðar- og umsjónarmaður



RÍKISKAUP